



Fundargerð

417. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 8. febrúar 2018. Þetta er 2. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn, fulltrúa lögreglunnar á Suðurlandi og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll. Í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri kynnti fyrir stjórn SASS helstu verkefni sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir á stjórnarfundum sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri. Símafundur var haldinn í verkefnisstjórn Skaftárhrepps til framtíðar og stendur nú yfir undirbúningur vegna íbúafundarins sem verður 15. febrúar nk. Tilgangur þess fundar er að fara yfir stöðuna á þeim verkefnum sem sett voru fram í samþykktari framtíðarsýn til 2020. Fundur var haldinn með forsvarsmönnum Veiðifélags Skaftártungumanna vegna undirbúnings á lóðarleigusamningi í Hólaskjóli. Gengið hefur verið frá kaupum á færanlegri kennslustofu fyrir leikskólann og er vinna við að teikna innra skipulag og undirstöður hafin. Símafundur var haldinn í samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúpvogshrepps og Skaftárhrepps og ákvað nefndin að ljúka störfum án þess að skila inn álitum til sveitarstjórna. Þessa dagana stendur yfir almannavarnarvika og hefur verið boðað til íbúafundar í kvöld þar sem kynnt verður m.a. verkefnið hættumat vegna Skaftárhlaupa sem farið var af stað í eftir Skaftárhlaupið 2015.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 134. fundar skipulagsnefndar. dags. 6. febrúar 2018

1. 1710004 Skipulagslýsing efnistaka Hverfisfljót

Viðfangsefni breytingarinnar vegna áforma um nýtt efnistökusvæði í Hverfisfljóti í landi Dalshöfða í Fljótshverfi.

Skipulagslýsing samþykkt af JG, GVS, DAA, RSR og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagnar og auglýsa lýsinguna skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. KH er á móti.

Kristbjörg Hilmarsdóttir óskar bókunar;

Fulltrúi Z-lista hafnar Skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna efnistöku í Hverfisfljóti. Efnistakan er vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Hnútu og er sú framkvæmd þvert á heildarhagsmunum sveitarfélagsins. Vísað er í bókun fulltrúa Z-lista á 131. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps, málnúmer 1701004, fjórði liður frá 10. október 2017, Virkjun í Hverfisfljóti. Ennfremur er vísað í bókun fulltrúa Z-lista á 25. fundi Umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps frá 29. október 2017.

EBH, JG, SG og BG samþykkja afgreiðslu JG, GVS, DAA og RSR. JBJ er á móti og tekur undir bókun KH.



2. 1802002 Tunga – Tungulækur fyrirspurn

Umræða um hvort vinna þurfi deiliskipulag fyrir nýtt veiði- og gistihús í landi Tungu – Tungulækjar.

Skipulagsnefnd telur ekki þörf á gerð deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem hún er í samræmi við aðalskipulag og ekki er um aðrar byggingar í landi Tungu-Tungulækjar að ræða.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1704003 Kálfafell 1 Deiliskipulag

Deiliskipulagið var auglýst frá 16. febrúar 2017 til og með 3. apríl 2017. Engar athugasemdir bárust við tillöguna en umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun. Heilbrigðiseftirlitið gerði enga athugasemd við skipulagið en Minjastofnun leggst ekki gegn samþykkt deiliskipulagsins enda verði ekki frekari jarðvegsframkvæmdir innan skipulagssvæðisins fyrr en starfsmaður stofnunarinnar hefur kannað hvort þar eru fornleifar að finna.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða hana skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1704002 Kálfafell Deiliskipulag – Byggðaból ehf.

Deiliskipulagið var auglýst frá 16. febrúar 2017 til og með 3. apríl 2017. Engar athugasemdir bárust við tillöguna en umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Hafrannsóknarstofnun, Minjastofnun og Fiskistofu. Brugðist hefur verið við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins þar sem gert er ráð fyrir einni sameiginlegri fráveitu sem er staðsett þannig að auðvelt er að tæma. Minjastofnun leggst ekki gegn samþykkt deiliskipulagsins enda verði ekki frekari jarðvegsframkvæmdir innan skipulagssvæðisins fyrr en starfsmaður stofnunarinnar hefur kannað hvort þar er fornleifar að finna. Hafrannsóknarstofnun bendir á að halda raski í lágmarki og hreinsun frárennslis skilvirk þannig að ekki berist skólp eða önnur efni til árinna sem skaðað gæti lífríki hennar ættu áhrif framkvæmdar á veiði eða lífríki ekki að vera mikil. Fiskistofa gerði athugasemd við að ekki hafi verið leitað samráðs hjá nærliggjandi veiðifélagi.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að senda deiliskipulagið til umsagnar hjá veiðifélaginu Hæng. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og áorðnar lagfæringar með fyrirvara um jákvæða umsögn veiðifélagsins og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða hana skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. Húsnúmer á prestsetrið á Kirkjubæjarklaustri. Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur. Dags. 05.02.2018.

Beiðni um að prestsetrið á Kirkjubæjarklaustri sem staðsett er við Klausturveg fái skráð húsnúmer.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1802011 Fundargerð 29. fundar stjórnar Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 05.02.2018

Dagskrá:

1. Uppgjör vegna Brúar-Lífeyrissjóðs

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðar um samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindingar Félags- og skólabjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs.

Krafan er eftirfarandi:

5.167.916 kr. í jafnvægissjóð

18.647.215 kr. í lífeyrisaukasjóð

2.006.123 kr. í varúðarsjóð

Farið hefur verið yfir lista launamanna og þeir stemma við upplýsingar Brúar. Auk þess hefur stjórn óskað eftir skiptingu milli deilda til upplýsinga, en þær liggja ekki enn fyrir en munu væntanlega berast í vikunni. Formaður leitaði ráðgjafar hjá sérfræðingi KPMG endurskoðunar og afgreiðir málið því á eftirfarandi hátt

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leiti að vísa uppgjörinu til aðildarsveitarfélaganna samhlíða sínu uppgjóri við Brú lífeyrissjóð. Uppgjör lífeyrisaukasjóðsins og varúðarsjóðsins verði gert upp miðað við íbúahlutfall aðildarsveitarfélaganna desember 2016 en tekið verði tillit til meðaltalshlutfalls hvers sveitarfélags frá upphafi byggðasamlagsins við uppgjör jafnvægissjóðsins. Hjálaga er íbúahlutfall aðildarsveitarfélaganna frá upphafi, unnu af G. Pétri Guðgeirssyni hjá KPMG, Selfossi. Samþykkt samhljóða, LE, SHG, BJ, ABB.

Samkvæmt hjálögðu uppgjóri er hlutur Skaftárhrepps í jafnvægissjóði alls 557.618 kr. og hlutur í lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði alls 2.148.051 kr. Alls eru því lífeyriskröfur Skaftárhrepps til Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2.705.669 kr. Sveitarstjórn samþykkir skiptinguna fyrir sitt leyti og að upphæðin verði greidd beint til byggðasamlagsins. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna uppgjörins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1709012 Ályktun vegna almannavarna í Skaftárhreppi

Embætti lögreglustjórans á Suðurlandi stendur fyrir almannavarnarviku dagana 5. – 9. febrúar í Skaftárhreppi. Af því tilefni hefur hlutverki almannavarna verið haldið á lofti m.a. með samtali við stjórnendur sveitarfélagsins, hagsmunaaðila og viðbragðsaðila á svæðinu, ásamt kynningu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Lögreglustjórinn á Suðurlandi og Sveitarstjórn Skaftárhrepps hafa rætt um það sem betur má fara til að gera viðbragðsaðilum betur kleifi að bregðast við almannavarnarástandi. Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Lögreglustjórinn á Suðurlandi samþykkja að senda frá sér eftirfarandi ályktanir vegna málsins;

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Lögreglustjórinn á Suðurlandi telja mikilvægt að lögð verði áhersla á að skoða öryggishlutverk flugvallar á Stjórnarsandi með tilliti til yfirvofandi náttúrvár og fjölgun alvarlegra slysa á svæðinu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Lögreglustjórinn á Suðurlandi telja mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á að endurskilgreina hlutverk upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn. Upplýsingamiðstöðvar þjóna ekki lengur eingöngu því hlutverki að vísa



ferðamönnum veginn, heldur geta þær verið öflugt verkfæri stjórnvalda til að stuðla að öryggi ferðamanna og ábyrgari hegðun þeirra. Til að slíkt megi verða þarf m.a. að koma til aukið fjármagn til heilsársopnunar upplýsingamiðstöðva. Skaftárhreppur er staðsettur stutt frá mikilli náttúruvá bæði í austur og vesturátt en mikill fjöldi ferðamanna heimsækir sveitarfélagið allt árið um kring. Það er því mikilvægt að hér sé hægt að veita samræmdar upplýsingar til ferðamanna allt árið um kring.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Lögreglustjórnin á Suðurlandi leggja áherslu á að fjarskiptasamband sé tryggt í öllu sveitarfélaginu vegna yfirvofandi náttúruvá. Enn eru fjölmargir staðir í sveitarfélaginu með lélegt eða ekkert samband. Þar sem þeir sem verða á svæðinu ef til náttúruhamfara kemur þurfa að reiða sig á að fá sent SMS skilaboð verður að tryggja að þau komist til skila.

Bjarki Guðnason lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.

2. 1707011 Ráðning slökkviliðsstjóra í 30% starf

Umsóknarfrestur vegna auglýsingar um stöðu slökkviliðsstjóra í 30% starf rann út þann 24. janúar sl. og barst ein umsókn. Umsækjandi er Bjarki Guðnason núverandi slökkviliðsstjóri. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera ráðningarsamning við Bjarka Guðnason til tveggja ára frá 1. febrúar 2018.

Bjarki Guðnason kemur aftur til fundarins.

3. 1802003 Samkomulag um uppgjör Skaftárhrepps Lífeyrissjóðs A-deildar Brúar

Fyrir liggur sundurliðun á lífeyriskröfum Lífeyrissjóðs A-deildar Brúar. Samkvæmt sundurliðuninni er staða skuldbindinga eftirfarandi;

Jafnvægisjóður; 9.272.417

Lífeyrisaukasjóður; 25.987.904

Varúðarsjóður; 2.795.957

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir sína hönd. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir jafnframt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 38.100.000 kr., með lokagjaldlega 5. apríl 2034, í samræmi við það lánstilboð sem liggur fyrir fundinum og sveitarstjórn hefur kynnt sér. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna málsins.

4. 1802004 Lífeyriskröfur Brúar vegna A-deildar. Stofnanir SASS.

Fyrir fundinum liggur tillaga að skiptingu á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð vegna sameiginlegra verkefna á Suðurlandi sem skiptist eftirfarandi;



Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. jan. 2017	SASS			Atvinnubr.f.	Meningarr.	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands			Fjöldi barna 1 - 15. ára 1. des. 2012	Skólaskrifstofa	Samtals
		Jafnvægisj.	Lífeyrisaukasj.	Varúðarsj.	Jafnvægisj.	Jafnvægisj.	Jafnvægisj.	Lífeyrisaukasj.	Varúðarsj.		Jafnvægisj.	
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.187	625.547	1.497.893	161.148	353.434							2.715.252
Skaftárhreppur	475	135.864	325.331	35.000	76.763	16.774	160.134	446.666	48.054	62	132.908	1.377.494
Myrdalshreppur	562	160.749	384.918	41.411	90.823	19.846	189.464	528.476	56.855	73		1.629.030
Rangárþing eystra	1.752	501.124	1.199.958	129.095	283.135	61.869	590.642	1.647.491	177.242	337		5.312.977
Rangárþing ytra	1.537	439.628	1.052.703	113.253	248.389	54.277	518.160	1.445.316	155.491	297		4.663.891
Vestmannaeyjar	4.292	1.227.640	2.939.624	316.254	693.616	151.565	1.446.938	4.035.978	434.203			11.245.817
Ásahreppur	256	73.224	175.336	18.863	41.371	9.040	86.304	240.729	25.898	38		81.460
Skeiða- og Gnúpsverjahreppur	594	169.902	406.835	43.769	95.994	20.976	200.252	558.567	60.092	101		752.226
Flóahreppur	648	185.347	443.820	47.748	104.721	22.883	218.457	609.346	65.555	132		1.772.899
Sveitarfélagið Árborg	8.471	2.422.959	5.801.853	624.181	1.368.970	299.140	2.855.781	7.965.696	856.973	1.823	þar af Ölfus 9	3.907.927
Hrunamannahreppur	773	221.101	529.434	56.958	124.922	27.297	260.597	726.890	78.201	167		2.383.394
Bláskógabyggð	1.026	293.467	702.715	75.600	165.808	36.232	345.890	964.798	108.796	176		3.065.593
Grimsmes- og Grafingshreppur	467	133.576	319.852	34.411	75.470	16.491	157.437	439.143	47.244	74		1.382.257
Hveragerði	2.483	710.212	1.700.626	182.958	401.269	87.683	837.080	2.334.886	251.194	538	þar af Ölfus 46	1.153.299
Sveitarfélagið Ölfus	2.005	573.490	1.373.240	147.737	324.021	70.803	675.935	1.885.400	202.837			98.609
Samtals	27.528	7.873.831	19.854.138	2.028.383	4.448.707	972.107	8.543.071	23.829.383	2.563.636	3.818		8.184.566
		286	685	74	162	35	337	940	101			2.144

Sveitarstjórn samþykkir skiptinguna og felur sveitarstjóra að greiða lífeyriskröfurnar beint til SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjóra einnig falið að útbúa viðauka vegna málsins.

5. 1802005 Samkomulag um uppgjör vegna þátttöku í Green Globe. Tillaga að skiptingu sveitarfélaga.

Fyrir fundinum er tillaga frá sveitarstjóra Rangárþings eystra vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum vegna þátttöku sveitarfélagsins í Green Globe verkefninu. Um er að ræða skuldbindingu í jafnvægisjóð að upphæð 51.620,- og lagt til að Skaftárhreppur greiði 10.324,-. Sveitarstjórn samþykkir skiptinguna og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

6. 1710010 Tillaga að viðauka 1 við Fjárhagsáætlun 2018

Sveitarstjóri gerir eftirfarandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2018;

Uppgjör vegna lífeyrissjóðs Brúar framlög vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs:

SASS – Atvinnubrúunarfélag Suðurlands, Skólaskrifstofa Suðurlands 370 þús. kr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 485 þús. kr.

Félags- og skólalþjómista Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2,7 millj. kr.

Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 3,5 millj. kr. vegna samstarfsverkefna, framlag í lífeyrisaukasjóð og Varúðarsjóð Brúar.

Gjaldfært vegna lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs Brúar vegna Skaftárhrepps 1.006 þús. kr.

Samtals útgjaldaauki í A – hluta um 4,6 millj. kr.

Uppgjör lífeyrisskuldbindinga – Skaftárhreppur – lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 38,1 millj. Fyrirframgreiðsla v. framlaga í lífeyrisaukasjóð og Varúðarsjóð eignfært 28,8 millj. kr.

Fjárfesting:

Klippur fyrir slökkvilið 3,5 millj.

Samandregið:

Útgjöld vegna viðauka eru fjármögnuð með lækkun á handbæru fé um 7 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

7. 1802006 Drög að lóðarleigusamning á lóðinni Hólaskjólí

Fyrir fundinum liggja drög að lóðarleigusamningi við Veidifélag Skaftártungumanna, kt. 620801-2750, vegna lóðar fyrir gangnamannaskála og tengda aðstöðu á lóðinni Hólaskjólí fastanr. 235-2272. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að senda hann til samþykktar forsætisráðuneytisins sbr. 3. m.gr. 3. gr. laga nr. 58/1998.



8. 1802007 Uppfærsla og prentun á græna bæklingnum. Stjórn Friðar og frumkrafta. dags. 31.01.2018.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að greiða fyrir uppfærslu á korti í græna bæklingnum og felur Friði og frumkröftum umsjón hennar. Sveitarstjórn telur eðlilegt þjónustuaðilar greiði þann kostnað sem hlýst af uppfærslu þjónustulista. Gert er ráð fyrir fjármagni í verkefnið á lið 1362-4911 ásamt prentun bæklingsins á fjárhagsáætlun 2018.
9. 1802008 Stefna Skaftárhrepps og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.
Í mannaðsstefnu Skaftárhrepps sem sveitarstjórn samþykkti þann 16. júní 2016 er kveðið á um að sveitarfélagið muni setja sér stefnu gegn einelti og viðbragðsáætlun um hvernig bregðast skuli við komi það upp. Í drögum að stefnunni sem nú liggur fyrir hefur verkefnið verið útvíkkað í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Drögin að stefnunni og viðbragðsáætluninni hafa verið send stjórnendum sveitarfélagsins til yfirlestrar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera stefnuna sýnilega á vefsíðu sveitarfélagsins og senda hana á stjórnendur. Stjórnendur bera ábyrgð á stefnunni, að viðbragðsáætlun sé fylgt og starfsmenn sveitarfélagsins þekki hana.
Sveitarstjórn samþykkir stefnuna.
10. 1802009 Vegna fornleifarannsóknna í Arfabót á Mýrdalssandi. Fornleifafræðistofan. dags. 31.01.2018.
Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar málinu til umfjöllunar menningarmálanefndar.
11. 1802010 Skoðun á samstarfssamningum sveitarfélaga. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. dags. 25. janúar 2018.
Fyrir fundinum liggur erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um skoðun á samningum um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru hér á landi. Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum um alla samninga sveitarfélaga um samstarf þeirra á milli. Hér er m.a. átt við samninga er styðjast við 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ekki eru í gildi neinir samningar hjá Skaftárhreppi sem erindið vísar til. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604031 Fundargerð 51. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 09.01.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 26. janúar 2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 184. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð samstarfsnefndar um sameiningaráform sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúpavogshrepps og Skaftárhrepps. dags. 24.01.2018. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kærú á ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps frá 26. febrúar 2015 um að samþykkja deiliskipulag í landi Orustustaða í Skaftárhreppi. dags. 25. janúar 2018. *Kynnt.*
2. Fjölmiðlaskýrsla 2016 og 2017. Creditinfo. *Kynnt.*
3. Stjórnsýsluskoðun 2017. KPMG. dags. 18.01.2018. *Kynnt.*
4. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 16.01.2018. *Kynnt.*



5. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um lögheimili og aðstetur. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 22.01.2018. *Kynnt.*
6. Afrit af erindi Sambands íslenskrar sveitarfélaga til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps vegna lífeyrismála. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 31.01.2018. *Kynnt.*
7. Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðilegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 05.02.2018. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 8. mars 2018
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundí slitið kl. 15:22

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Jóna Björk Jónsdóttir

Bjarki Guðnason

Sverrir Gíslason